

5. gr.

Bannað er að afmá einkenni þau, sem að ofan greinir, eða afbaka þau, gera þau óþekkjanleg, hylja þau eða dylja. Sama gildir um útlend skip meðan þau eru innan íslenskrar landhelgi.

6. gr.

Sú skylda hvílir á skipstjóra skips að halda vel við öllum merkjum, er skipi ber að hafa og sett hafa verið á það.

7. gr.

Brot gegn reglum þessum varða allt að kr. 100 000 sektum.
Með mál út af brotum á reglum þessum skal fara að hætti opinberra mála.

8. gr.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt lögum nr. 53 12. maí 1970, um skráningu skipa, staðfestast hér með til að öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi reglur um merkingu skipa, nr. 25 25. febrúar 1954, með síðari breytingum.

Samgönguráðuneytið, 25. febrúar 1974.

Björn Jónsson.

Kristinn Gunnarsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Ísafjarðarkaupstað,
nr. 39 9. febrúar 1973.

1. gr.

38. grein reglugerðarinnar orðist þannig:

Hafnsögugjald skal greiða sem hér segir:

- a. Fyrir leiðsögn til og frá höfninni, kr. 2 000.00 fyrir hvert skip. Auk kr. 4.00 fyrir hverja brúttórúmlast, nema strandferðaskip, sem sigla eftir fastri áætlun, þau greiði kr. 2.00 á brúttórúmlast.
- b. Fyrir færslu skipa um höfnina kr. 2 000.00.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 25. febrúar 1974.

Björn Jónsson.

Kristinn Gunnarsson.